

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 3. maí 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-96/2011:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. október 2011 bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á húsbifreið sem hann keypti af Y þann 15. apríl 2011. Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi greiði viðgerð á bifreiðinni samkvæmt viðgerðarreikningum ásamt öðrum útlögðum kostnaði, beinum og óbeinum, samtals að fjárhæð kr. 733.297.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 19. október 2011, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 2. nóvember. Þann 2. nóvember 2011 barst kæruneftndinni tölvubréf frá A, en í bréfinu kom fram að lögmannsstofan færi með mál seljanda fyrir nefndinni, ásamt því að beið var um frest til að koma fram andsvörum seljanda. Með tölvubréfi, dags. sama dag veitti kæruneftndin seljanda frest til 11. nóvember. Með bréfi, dags., 11. nóvember bárust andsvör seljanda. Með bréfi, dags., 17. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin. Með bréfi dags. 24. nóvember 2011 bárust athugasemdir álitsbeiðanda. Frekari gögn bárust ekki.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt kaupsamningi og afsali keypti álitsbeiðandi húsbifreiðina xx-000 af gerðinni Ford Hobby T 650 FLC af Y þann 15. apríl 2011. Verð bifreiðarinnar var kr. 10.100.000. Húsbíllinn var af árgerð 2008, ekin 11.000 km. og skráningardagur bifreiðarinnar var 8. maí 2008. Bifreiðin var því um þriggja ára gömul við kaupin. Samkvæmt málavaxtalýsingu álitsbeiðanda, sem dagsett er 26. ágúst 2011, voru kaupin gerð í gegnum Z, en bifreiðin var staðsett hjá síðarneftnda aðilanum þegar kaup fóru fram. Sökum þess að álitsbeiðandi býr fjarri Z gat hann ekki sjálfur skoðað bifreiðina, en að sögn álitsbeiðanda hafi sölumenn hjá Z í tölvubréfi til kaupanda vottað að „bifreiðin væri í óaðfínanlegu ástandi fyrir utan smá rispu á lakki við farangurslúgu“. Kveðst álitsbeiðandi hafa gengið frá kaupunum í skjóli þess að þær upplýsingar væru réttar.

Afhending bifreiðarinnar fór fram á Blönduósi þann 26. apríl 2011, 11 dögum eftir kaupin, og var það seljandi bifreiðarinnar sem sá um afhendingu til álitsbeiðanda. Segist álitsbeiðandi hafa orðið þess var strax við afhendingu að annan gaskútinn vantaði í bifreiðina og hafi hann bent seljanda á þetta. Sama kvöld og afhending fór fram varð álitsbeiðandi þess einnig var að ljós inni í bílnum dofnuðu eftir litla notkun. Daginn eftir afhendingu fór álitsbeiðandi með bifreiðina á verkstæði og þar var rafgeymir bifreiðarinnar talinn ónýtur. Sama dag tók álitsbeiðandi eftir því að annað framljósið var skemmt og hafði hann samband við seljanda vegna þessa. Seljandi hafði tjáð honum að B, sem þjónustaði bílinn, hefði talið að í lagi væri með ljósin. Lét álitsbeiðandi í kjölfarið skipta um framljósið hjá B. Þann 2. maí 2011 kveðst álitsbeiðandi hafa verið staddur á Reyðarfirði þegar hann varð var við brunalykt í bílnum. Kom í ljós að lyktin var úr sjónvarpi í bifreiðinni, og var sjónvarpið ónýtt og telur álitsbeiðandi þetta hafa stafað af því að rafmangssnúran úr sjónvarpinu var margvafin utan um

arminn sem hélt því uppi og hafði því marist í sundur. Framkallaði þetta bruna með þeim afleiðingum að sjónvarpið eyðilagðist.

Þá segir í málavaxtalýsingu álitsbeiðanda að í fyrsta ferðalaginu á bifreiðinni hafi komið í ljós að snúningur á öikumannsstól virkaði ekki. Til viðbótar hafi svokölluð markísa ekki fallið inn nema að hluta og öryggisventill sem hleypir vatni af bílnum við visst hitastig hafi verið bilaður. Í þessu sama ferðalagi hafi síðan kviknað viðvörunarljós í mælaborði. Athugun hjá B vegna viðvörunarljóssins hafi síðar leitt í ljós að skynjari fyrir mengunarvörn bifreiðarinnar var bilaður. Þá er bakkmyndavél bifreiðarinnar biluð sem lýsir sér í því að myndin flökti og detti út við notkun.

Þann 14. júlí 2011 kveðst álitsbeiðandi hafa farið heim til seljanda bifreiðarinnar og greint honum frá ofantöldum göllum á bifreiðinni. Óskaði álitsbeiðandi þess að seljandi bætti honum þessa galla og að lokum bent honum á að svokölluð Hobby glös, nánar tiltekið 9 stykki, sem ættu að fylgja með bifreiðinni, vantaði. Hafnaði seljandi því að bera ábyrgð á meintum göllum en benti álitsbeiðanda á að hafa samband við sölumann Z sem hafi haft milligöngu um söluna.

Í kjölfar þessa hafi sölumaður Z sett sig í samband við álitsbeiðanda og hafi álitsbeiðandi þá boðið honum að seljandi greiddi helming af útlögðum kostnaði á þeim tíma, samtals kr. 65.000. Þann 22. júlí 2011 hafi borist gagntilboð frá sölumanni Z fyrir hönd seljanda upp á kr. 42.000, sem álitsbeiðandi hafnaði. Sama dag hafi það tilboð verið hækkað upp í kr. 65.000 og kveðst álitsbeiðandi þá hafa tjáð sölumanni Z að hann myndi hugsa málið. Þessu tilboði hafi álitsbeiðandi síðan hafnað, að höfðu samráði við lögfræðing hjá FÍB.

Í málavaxtalýsingu álitsbeiðanda er síðan að finna yfirlit yfir þá galla sem hann telur vera á bifreiðinni, ásamt kostnaði við þá, en það er svohljóðandi:

1. Rafgeymir - kr. 44.117.
2. Sjónvarp - kr. 55.000.
3. Markísa - kr. 25.000.
4. Bílstjórastóll - kr. 15.000.
5. Framljós - kr. 47.164.
6. E.G.R. mengunarvörn - kr. 75.000.
7. M.A.P mengunarvörn - kr. 27.000.
8. Öryggisventill - kr. 14.000.
9. Ísetning á ventli - kr. 10.000
10. Ferð til Reykjavíkur til að láta athuga skemmdir á bifreiðinni, áætluð leiga á bíl og olíukostnaður - kr. 256.400.
11. Athugun á viðvörunarljósi hjá B - kr. 8.056.
12. Ferð til Akureyrar vegna viðvörunarljóss, áætluð leiga á bíl og olíukostnaður - kr. 156.560.

Samtals: kr. 733.297.

Þá telur álitsbeiðandi sig einnig eiga rétt til miskabóta sökum þess að gallar á bifreiðinni hafi eyðilegt væntingar hans til sumarfrís. Meðfylgjandi álitsbeiðni er bréf, dags. 6. september 2011, til seljanda frá fyrrum lögmanni álitsbeiðanda. Þar segir m.a.:

„Umbjóðandi minn, búsettur á C, sá auglýsingu í dagblaði frá bílasölnunni Z þar sem ofangreindur bíll var til sölu og sagði í auglýsingunni að einn eigandi væri að bílnum, hann væri mjög vel útbúinn og sagði m.a. sérstaklega í auglýsingu að bíllinn væri “alger gullmoli” og ekinn aðeins 11 þús.km. [...] Komu [strax við afhendingu] fram gallar og að ástandið á bílnum var ekki eins og seljandi ábyrgðist.

Þarna strax við afhendingu kom fram að yfirlýsingar seljanda um fullkomið ástand bílsins reyndust rangar og ýmsir gallar voru á hinni seldur bifreið sem seljandi ber ábyrgð á sbr. m.a. skýr lagaákvæði 18. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup sbr. einnig ákvæði 17. gr. og 21. gr. s.l.

Kaupandi á rétt á skaðabótum úr hendi seljanda, m.a. er nema þeim kostnaðar sem hann varð fyrir við það að láta lagfæra galla/bilanir á hinni seldu bifreið og fyrirhöfn kaupanda við það að ná

fram þessum lagfæringum sbr. m.a. 40. gr. s.l. sbr. og X. kafla laganna. Það er viðgerðarkostnaður við það að koma bifreiðinni í nothæft ástand og þessi nýlega lítið ekni húsbíll stæði undir því að vera “alger gullmoli”, þ.e. bíll í fullkomnu ástandi og tilbúinn til notkunar. [...]

Fer kaupandi fram á það við viðtakanda að hann greiði honum nú þegar kr. 733.297. eða semji um greiðslu skaðabóta ásamt greiðslu lögmannsþóknunar. [...]

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum lögmanns seljanda, dags. 11. nóvember 2011, segir m.a.:

„Umbjóðandi okkar hafnar að öllu leyti athugasemdum álitsbeiðanda. Vísast í því efni til bréfs A til lögmanns álitsbeiðanda, dags. 12. september s.l. þar sem kröfum hans var hafnað. Ennfremur vísast til hjálagaðra athugasemda umbjóðanda okkar, þar sem hann reifar samskipti sín við álitsbeiðanda. Þá fylgi skriflegur vitnisburður D, sem staðfestir að framkoma og framgangur umbjóðanda okkar hafi, í þeim viðskiptum er þeir hafa átt, verið að öllu leyti til fyrirmyndar.

Svör umbjóðanda okkar við öllum athugasemdum álitsbeiðanda liggja fyrir í greindum erindum. Vegna áherslu álitsbeiðanda á auglýsingar söluaðila skal áréttað að framsetning þeirra var á vegum þess löggilta bifreiðasala sem annaðist sölumeðferð ökutækisins.”

Í tilvitnuðu bréfi A, dags. 12. september s.l. segir m.a.:

„Fyrir afhendingu fór bifreiðin í aðalskoðun hjá Frumherja án athugasemda [...] Í kaupsamningi og afsali vegna ökutækjaviðskiptanna er sérstaklega tilgreint að ökutækið sé selt í því ástandi sem kaupandi hafi kynnt sér og sætt sig við og hann hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings. Þau atriði sem nefnd eru í bréfi yðar og umbjóðandi yðar telur vera galla á bifreiðinni virðast í flestum ef ekki öllum tilvikum vera atriði sem hann eða umboðsmaður hans hefðu mátt sjá við skoðun bifreiðarinnar. Þá geta þessi atriði ekki talist galli í skilningi laga.

Ekki er ástæða til að fjalla ítarlega um athugasemdir umbjóðanda yðar, sem í flestum atriðum beinast að fylgifé eða aukahlutum í bifreiðinni en ekki bifreiðinni sjálfri. Rétt er þó að benda á að gaskútur telst ekki fylgifé með bifreiðinni samkvæmt kaupsamningi. Fyrirkomulag sjónvarps og sjónvarpssnúru mátti sjá við skoðun sem engar athugasemdir voru gerðar við af hálfu skoðunarmanna, hvorki við það né önnur atriði. Sama gildir um önnur atriði sem nefnd eru, þ.e. ökumannssæti, markísu og mengunarskynjara. Vakin er athylgi [sic] á að mengunarskynjari getur bilað hvenær sem er þegar sót kemur frá aflvél ökutækis. Þá þarf vart að ræða tilvísun til plastglasa eða ferðir umbjóðanda yðar til Akureyrar eða Reykjavíkur.

Vegna tilvísunar til auglýsingar í dagblaði og umfjöllunar um efni hennar skal tekið fram að framsetning hennar og birting var á vegum söluaðila en ekki umbjóðanda okkar.”

Í athugasemdum seljanda, sem fylgdu með bréfi A, dags. 11. nóvember segir m.a.:

„Húsbíll þennan keypti ég nýjan vorið 2008 innfluttan af þáverandi Hobby umboði. Bílinn er af Ford Transitt [sic] gerð og er sex hjóla og afturdrifinn. Er þetta vinsæl gerð húsbíla. Fljótlega var farið með bílinn til Rvíkur til að búa hann hinum ýmsu aukahlutum, var settur undir hann biti að aftan til að verja að hann skemmdist ef hann tæki niður, á hann var settur dráttarkrókur, þá voru settir á hann aurrhlífar bæði að aftan og framan og gangbretti við framhurðir, þá var hann riðvarinn, markísa var sett og stór sólarsella til að hlaða geymir [sic]. Sjónvarp og loftnet, og bakkmyndavél. Þau þrjú ár sem ég hef átt bílinn og hef ekki verið að ferðast, hefur hann alltaf verið geymdur í upphitun húsi sem ég geng um nær daglega og hefur verið passað upp á að geymar hafi alltaf verið hlaðnir.

Í vetur þegar ég ákvað að selja bílinn og búið var að keyra hann rúm [sic] 11. þúsund km. Vissi ég ekki annað en bílinn væri í fullkomnu lagi, hann hafði vorið áður þegar búið var að keyra hann um sjö þúsund km. fór hann í eftirlit til B og var farið yfir hann og töldu þeir að ekki væri ástæða til að skipta um frammljós [sic] eins og kemur fram [sic] í kvörtunum kaupanda var skuggi eða sprunga í annarri hlið hæggra frammljóss [sic]. Þannig að það var mat fagmanna að ekki væri ástæða til

að skipta um framljósið. Sjö til átta hundurð þúsund voru slegin af ásettu kaupverði er bíllinn var seldur og þegar búíð var að selja bíllinn fór ég með hann til Frumherja og lét skoða hann svo nýr eigandi fenginn bíllinn örugglega í lagi. Þar var ljósið talið í lagi og er að sjá að það sé ennþá í bílnum. Mér fannst mjög skrytinn [sic] er ég heyrði að kaupandi hefði keypt bíllinn án þess að skoða hann.

Vegna kvartanna um ónýtan geymir [sic] er það að segja að það er enginn vandi að klára rafmagn af svona bíl sem er með mikið af rafmagnstækjum, miðstöð sem gengur fyrir gasi og rafmagn, stórum ísskáp sem getur verið fyrir rafmagn, mikið af ljósum og sjónvarpi og ef hann er ekki settur í samband við rafmagn getur illa farið, og það hefur ekki verið gert í þessu tilfelli. Ekki ætla ég að geta mér til hvernig það hefur komið fyrir en trúlega hefur [sic] orðið einhver mistök við að hlaða geymirinn [sic] og skýrir það hvað hefur komið fyrir sjónvarpið, því það á ekki við rök að styðjast að sögn söluaðila sjónvarpsins, að hafi leiðslan að því verið skemmd að þá brenni sjónvarpið. Þá er rétt að taka fram að það er mælir(ljós)er sýna stöðu beggja geyma er í bílnum eru og er mjög auðvelt að sjá hve mikið rafmagn er á þeim. [...]

Það er um gaskútinn að segja að þeir fylgdu ekki bílnum þegar hann var keyptur, en ég ákvað að láta annan fylgja [...]. Snúningur á frammstólnum [sic] var í lagi eins og ég held allt í bílnum þegar hann var seldur, en það þurfti að halla þeim við snúning. Markísur eru mjög vandmeðfarnar vegna þess að þær taka á sig mikinn vind og ef þær eru ekki vel hælaðar niður getur illa farið. Ég notaði markísuna mjög lítið og er viss um að hún var í lagi. Um mengunarvarnir fóðringar í borði og öryggisventil er varla ástæða til að fjalla þar sem það kemur upp eftir að kaupandi hefur ekið bílnum rúma 5000 km. Það var oftast frost á norður og austurlandi fyrri part sumars og skýrir það trúlega bilun á öryggisventli. [...] bauðst ég til að borga framljósið [sic] þar sem ég vissi um annmarka þess sem hann [álitsbeiðandi] ekki þáði.”

V

Úr gögnum máls

Meðfylgjandi álitsbeiðni var nokkuð af gögnum. Fyrst ber að telja eftirtalda reikninga: Reikningur frá B vegna athugunar á MAP og EGR mengunarvara, dags. 4. júlí 2011, að upphæð kr. 8.056. Þar kemur fram að bifreiðin sé þá ekin 16.831 km. Reikningur fyrir lögfræðikostnaði að upphæð kr. 62.750., dags. 27. nóvember. Reikningur vegna nýs rafgeymis, dags. 28. apríl 2011, að upphæð kr. 44.118. Reikningur vegna kaupa á nýju sjónvarpi, ásamt köplum, dags. 6. maí 2011, að upphæð kr. 55.000. Tilboð frá B í skipti á framljósi, dags. 7. júní 2011, að upphæð kr. 42.448.

Önnur meðfylgjandi gögn eru: Kaupsamningur og afsal. Tilvitnuð dagblaðaauglýsing. Samskipti sölumanns Z vegna kaupverðs á umræddri bifreið. Netauglýsing þar sem umrædd bifreið er m.a. sögð „algerlega óaðfinnanlegur bíll“. Tölvupóstur frá sölumanni Z þar sem fram kemur að ekkert sé að bifreiðinni utan rispu og flögnun á afturstuðara. Samskipti álitsbeiðanda við FÍB þar sem gerð er grein fyrir föstu fylgifé með bifreiðum, dags. 8. september 2011. Tölvupóstur frá starfsmanni E, dags. 23. júní 2011, sem virðist vera tilboð í stillingu á markísu o.fl. að upphæð kr. 40.000. Þá eru vitnisburðir tveggja einstaklinga sem bera um bruna á sjónvarpstæki í bifreið álitsbeiðanda auk annarra bréfa og tölvupósta sem ekki verður gerð nánari grein fyrir.

Þá barst kæruneftndinni, þann 31. október 2011, bréf frá álitsbeiðanda þar sem hann tilkynnti að F lögmaður færi ekki lengur með mál hans. Í bréfinu kom jafnframt fram að seljandi hefði boðið 100.000 kr. sátt í málinu, sem álitsbeiðandi hefði hafnað.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr.

reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna, en umboðsmaður seljanda hefur atvinnu af því að selja bifreiðar.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað álits sérfróðs aðila samkvæmt heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Í kaupsamningi og afsali fyrir húsbifreið álitsbeiðanda stendur m.a.: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum“. Þá kemur fram að bifreiðasalinn sé aðeins milliliður í viðskiptum aðila og sé ekki samábyrgur seljanda vegna skyldna hans.

Þegar um er að ræða kaup af því tagi sem hér um ræðir falla þau undir 17. gr. neytendakaupalaga. Í 1. mgr. þeirrar lagagreinar segir m.a.:

Hlutur seldur „í því ástandi sem hann er“. Sala á uppboði.

Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.

Í 1. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga, þar sem vísað er til í 17. gr. laganna, segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

Söluhlutur telst vera gallaður ef: [..]

b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;

Í kaupsamningi og afsali umþrættrar bifreiðar kemur fram að bifreiðin sé af árgerð 2008, framleidd sama ár og nýskráð þann 8. maí 2008 og einungis ekin 11.000 km. Var bifreiðin því tæplega þriggja ára gömul þegar sala fór fram, þann 15. apríl 2011. Kaupverð var kr. 10.100.000 og samkvæmt athugun kærunefndarinnar er það verð svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum, en bifreiðin var auglýst á kr. 10.990.000. Í auglýsingum söluaðila, en yfirlýsingar hans verða að teljast binda seljanda, þar sem hann telst umboðsmaður hans í skilningi 2. mgr. 1. gr. neytendakaupalaga, kemur fram að bifreiðin sé „alger moli“ og „algjörlega óaðfínanleg[...]“. Í gögnum máls er einnig að finna áframsent tölvubréf frá sölumanni Z, en í titli bréfsins segir orðrétt „Þetta er það eina sem eg se að þessum bíll það er þessi litla rispa og svo er smá flögnun á afturstuðara!“.

Álitsbeiðandi telur bifreiðina haldna margvíslegum göllum, svo sem taldir er upp í álitsbeiðninni og því ekki í samræmi við yfirlýsingar seljanda sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga. Í 2. mgr. 18. gr. laganna segir að ef annað sannist ekki skuli galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Ljóst er að þeir gallar sem álitsbeiðandi telur vera á bifreiðinni komu fram innan tímamarka greinarinnar.

Samkvæmt þessu felst kærunefndin á að rafgeymir, sem reyndist ónýtur tveimur dögum eftir afhendingu, sjónvarp sem að því er virðist sökum frágangs seljanda, eyðilagðist

viku eftir afhendingu, markísa og framljós sem seljandi viðurkennir að hafi verið haldið galla, hafi verið gölluð í skilningi laganna, enda hefur seljanda ekki tekist að sanna annað. Hvað varðar E.G.R og M.A.P mengunarvarnir, en bilunar í þeim varð ekki vart fyrir en álitsbeiðandi hafði ekið bifreiðinni rúmlega 5000 km. og öryggisventilinn, þá er það mat kærunefndarinnar að bilun í þeim geti komið til af margvíslegum ástæðum, m.a. vegna notkunar og umhverfisþátta.

Í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga segir að neytandi geti ekki borið fyrir sig neitt það sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Þar eð álitsbeiðandi skoðaði ekki bifreiðina áður en kaup fóru fram, verður nefndin að ganga út frá því að meintur galli í bílstjórásæti bifreiðarinnar hefði komið fram við venjulega skoðun kaupanda og því geti álitsbeiðandi ekki borið það atriði fyrir sig sem galla.

Álitsbeiðandi gerir að auki skaðabótakröfur sem nema kr. 256.400. og kr. 156.560. vegna aksturs til annars vegar Reykjavíkur og hins vegar Akureyrar til þess að athuga viðvörunarljós í mælaborði bifreiðarinnar vegna mengunarvarna og til þess, að sögn álitsbeiðanda, að athuga skemmdir á bifreiðinni, en samkvæmt gögnum máls var í þeirri ferð athugaður kostnaður við viðgerð á markísu og bílstjórastól. Er innifalið í áðurnefndum upphæðum áætluð leiga á bíl á meðan á athugunum stóð auk olíukostnaðar. Er í báðum tilvikum um að ræða ferðir sem varða að mestu atriði sem ekki geta talist til galla að mati nefndarinnar. Að því virtu telur nefndin að ekki sé um að ræða tjón sem álitsbeiðandi getur krafist skaðabóta fyrir sbr. 33. gr. neytendakaupalaga.

Þá vill kærunefndin áréttu að samkvæmt 52. gr. laganna ná skaðabætur aðeins til þess fjárhagslega tjóns sem aðili að kaupum veður fyrir vegna vanefnda gagnaðila. Er því ekki gert ráð fyrir í lögnum að aðili að kaupum fái bætur fyrir ýmis óþægindi sem stafað geta af vanefndum gagnaðila sýni hann ekki fram á að af þeim óþægindum hafi leitt fjárhagslegt tjón, en álitsbeiðandi gerir kröfu um miskabætur vegna þess að sumarfrí hans hafi misfarist vegna galla á bifreiðinni. Verður því að hafna þeirri kröfu álitsbeiðanda.

Það er því álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda bætur fyrir útgjöld vegna sjónvarps, öryggisventils, markísu, framljóss og rafgeymis sem kærunefndin metur að álitum kr. 250.000.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 250.000.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir